

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1962

17. maí.

171

Nr. 80.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda og mun verða fjarverandi um hríð.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 17. maí 1962.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius

22. maí.

Nr. 81.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Ráðherra raforkumála hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé að ganga nú þegar frá lántökum vegna stækkunar Írafossvirkjunar við Sog. Með því að ríkissjóður sé ábyrgur in solidum með Reykjavíkurborg fyrir öllum skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949, sé nauðsynlegt að fá lagaheimild til lántöku. Enn fremur sé nauðsynlegt að fá heimild til handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán þau, sem tekin verða. Í samræmi við framanritað beri brýna nauðsyn til að afla téðra heimilda þegar í stað.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til stækkunar á aflstöðinni við Írafoss í Sogi, allt að kr. 65000000.00 — sextíu og fimm milljónir króna — eða tilsvarendi fjárhæð í erlendum gjaldeyri, og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin f. h. ríkissjóðs

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík og á Akureyri, 24. maí 1962.

Ólafur Thors.

Friðjón Skarphéðinsson,

Jónatan Hallvarðsson.

Ingólfur Jónsson.

Stjórnartíðindi A, nr. 80—81. Útgáfudagur 28. maí 1962.

A 22